

Nr. 35.

26. okt.

Lög

um

að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri
sálarfræði við Háskóla Íslands.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði, bundið við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar.

2. gr.

Auk háskólakenslunnar skal honum skylt að hafa á hendi vísindarannsóku á vinnubrögðum í landinu og tilraunir til umbóta á þeim.

3. gr.

Hafa skal hann að öðru leyti sömu skyldur og rjettindi sem »prófessorar« Háskólans.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.